



## NORÐURÞING

Ketilbraut 7 - 9 – 640 Húsavík  
Netfang: nordurthing@nordurthing.is

Sími: 464-6100 fax: 464-6100  
Veffang: www.nordurthing.is

### Lista- og menningarsjóður Norðurþings Reglur um úthlutun styrkja

#### 1. grein

Styrkveitingar fari fram tvisvar á ári, á reglulegum fundum menningar- og fræðslunefndar í mars og október. Auglýsa skal eftir styrkumsóknum í febrúar og september ár hvert. Auglýsa skal í þeim auglýsingamiðlum sem gefnir eru út í Norðurþingi hverju sinni sem og á heimasíðu sveitarfélagsins.

#### 2. grein

Styrki má veita einstaklingum, félögum og samtökum sem starfa að menningarmálum og hafa eflingu menningarstarfs í Norðurþingi að markmiði sínu. Styrkir má veita vegna einstakra verkefna eða viðvarandi starfsemi. Einnig má styrkja óformlega hópa og/eða einstaklinga sem starfa að sömu ofangreindum markmiðum.

#### 3. grein

Menningar- og fræðslunefnd er heimilt að gera samninga við stofnanir Norðurþings um framkvæmd afmarkaðra verkefna í þágu menningamála.

#### 4. grein

Umsóknir skulu berast menningar- og fræðslufulltrúa. Umsóknir skulu vera skriflegar og undirritaðar af forsvarsmanni og/eða stjórn þess félags sem sækir um styrk.

#### 5. grein

Hverri umsókn skal fylgja greinargerð um starfsemi viðkomandi félags, tilgreina skal í hvaða verkefni eigi að nota þá fjármuni sem sótt er um. Ef um formlegan félagsskap er að ræða skal skila ársreikningum viðkomandi félags vegna síðasta árs og/eða fjárhagsáætlun vegna yfirstandandi árs. Umsóknum vegna einstakra atburða skal fylgja fjárhagsáætlun vegna atburðarins / upptöku árs samt upplýsingum um hverjir standa að viðkomandi atburði

#### 6. grein

Menningar- og fræðslunefnd getur kallað forsvarsmenn félaga á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur menningar- og fræðslunefnd falið menningar- og fræðslufulltrúa að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir.

#### 7. grein

Menningar- og fræðslunefnd getur skilyrt styrki og gert samninga um afhendingu þeirra. Menningar- og fræðslufulltrúi skal fylgjast með að skilyrðum vegna skilyrtra styrkja / samningsbundinna styrkja sé framfylgt.

#### 8. grein

Þegar samþykkt fjárhagsáætlun liggur fyrir skal menningar- og fræðslunefnd ákvarða fasta fjárupphæð til viðhalds á eignum sjóðsins og smærri verkefna er menningar- og fræðslufulltrúa er heimilt að styrkja.

*Samþykkt á fundi fjölskyldu- og þjónusturáðs 10. janúar 2007*

*Uppfært í samræmi við breytingar á stjórnkerfi sveitarfélagsins 20. júní 2007 ES.*